

# *Skák er skemmtileg*

Fréttaskeyti Skákakademíunnar 2. tölublað 2. árgangur 18. janúar 2013



**Hermann Aðalsteinsson formaður Goðans-Máta**

**Efni blaðsins:**

- Fastus mótið
- Hallgerður Helga í just checking
- Skákpraut vikunnar

# FASTUS mótið fer vel af stað

FASTUS mót Goðans-Máta er ánægjuleg viðbót við skákmótaflóru hvers árs. Goðamenn efndu einnig til móts í janúar-febrúar í fyrra og tókst það vel og mikil ánægja meðal þátttakenda. Mótið er í grunninn lokað innanfélagsmót Goðans-Máta. Sterkum skákmönnum og -konum er jafnframt boðið til leiks og er Olympíuliði kvenna t.d. boðið að þessu sinni. Sérstök áhersla er lögð á þátttöku skákmanna sem hafa lítt teft síðustu árin eða jafnvel áratugina. Hlýtur það til dæmis að teljast þrekvirki hjá þeim Goðum-Mátum að ná Karli Þorsteins og Presti Árnasyni aftur að skákborðinu. Þeir kappar hafa ekki teft á kappskákmótum, fyrir utan Íslandsmót skákfélaga, í áratugi. Heimildir herma að Þróstur hafi síðast teft á kappskákmóti á Reykjavíkurskákmótinu 1994 og Karl enn fyrr! Fyrirkomulag mótsins hentar vinnandi fjölskyldumönnum vel þar sem einungis er teft einu sinni í viku.

Aðstandendur mótsins eru Hermann Aðalsteinsson, formaður Goðans, Jón Þorvaldsson og Einar Hjalti Jensson. Fréttaskeytið lagði fyrir nokkrar spurningar fyrir þá tvo fyrrnefndu.

## Hvenær og af hverju kviknar hugmyndin að þessu móti?

Hugmyndin kviknaði síðla árs 2011 á skemmtikvöldi Goðans þar sem fram kom áhugi á að halda lokað mót fyrir liðsmenn Goðans á suðvesturhorninu en bjóða jafnframt gestum. Jafnframt komu fram óskir um að koma til móts við þá sem hafa takmarkaðan tíma til skákiðkunar með því að tefla aðeins einu sinni í viku.

## Afar ánægjulegt er að sjá kapp eins og Karl Þorsteins, Hlíðar Þór, Andra Áss og Þróst Árna tefla á mótinu. Hvernig fenguð þá að borðinu?

Við hjá Goðanum-Mátum hér syðra leggjum höfuðáherslu á að laða óvirka og lítt virka fullþroska skákmenn aftur að borðinu enda teljum við alla skákmenn efnilega fram eftir öllum aldri. Það er fyrst og fremst löngun okkar til að virkja sem flesta sem knýr okkur áfram. Galdurinn felst kannski í því að nálgast fólk í stað þess að bíða eftir því að það komi til okkar. Símtölin eru mörg og það hefur eflaust sitt að segja að menn skynja einlægan áhuga hjá okkur á að fá þá til að taka enn á ný þátt í þessari stórkostlegu íþrótt hugans.

## Það er auðvitað fagnaðarefni fyrir skákmenn að hafa þessi tvö skemmtilegu mót í janúar, KORNAX mótið og FASTUS mótið, en hvernig fara þau saman?

Þetta eru í eðli sínu mjög ólík mót. Skákþing Reykjavíkur er opið mót sem laðar til sín mjög breiðan og stóran hóp skákmanna, þar sem öflugt barna- og unglingastarf TR fær m.a. að njóta sín. Þar er teft þrisvar í viku, á miðvikudögum, föstudögum og sunnudögum. Gestamótið er hins vegar lokað innanfélagsmót, auk boðsgesta, þar sem megináhersla er lögð á að laða til leiks óvirka eða lítt virka fulltíða skákmenn í bland við virka. Þar er teft einu sinni í viku, á fimmtudögum.

Það er auðvitað frábært að hátt í hundrað manns taki þátt í þessum tveimur mótum á sama tíma, 30 hjá okkur yfir 60 hjá TR, en við hjá Goðanum-Mátum þurfum líka að gæta þess í framtíðinni að okkar mót skarist ekki að óþörfu við Skákþingið. Það mót er einn stærsti skákviðburður hvers árs og á sér langa sögu og merka í íslenskri skákmenningu.

Markhópurinn er svo stór að af nógu er að taka fyrir bæði félögin en auðvitað kjósa sumir, eins og til dæmis Einar Hjalti og Lenka núna, að tefla samtímis í mótunum báðum sem er hið besta mál. Góð leið til þess að draga enn skarpari skil milli okkar móts og Skákþings Reykjavíkur er að Goðinn–Mátar beini kröftum sínum enn frekar að hópi óvirkra og lítt virkra skákmanna. Svo liggur auðvitað beint við að félögin ræði málin saman og komi sér niður á framtíðarfyrirkomuleg sem allir hlutaðeigandi verði ánægðir með.

### **Goðinn og Mátar sameinuðust fyrir nokkru. Hvernig kom sú sameining til?**

Sameining Goðans og Máta átti sér skamman aðdraganda. Hugmyndin kviknaði síðsumars 2012 þegar tveir liðsmenn úr þessum félögum tóku tal saman og upp úr dúrnum kom að hvortveggja hafði velt fyrir sér möguleika á samruna félaganna enda væri margt líkt með þeim. Nokkrum vikum síðar var sameiningin orðin að veruleika þannig að þetta gekk allt saman mjög rösklega fyrir sig. Samruni taflfélaga er að formi til ekki flókinn en að mörgu er að hyggja ef vit á að vera í honum til langframa.

### **Goðinn-Mátar eru með tvær starfsstöðvar, í Þingeyjarsýslu og hér syðra. Hvernig gengur slíkt fyrirkomulag?**

Það gengur vel. Starfsemin fyrir norðan er með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Framsýnarmótið, sem var haldið fyrst 2010, er hugsað sem sameiginlegt mót þar sem félagsmenn sunnan heiða kom norður og tefla. FASTUS-mótið, Gestamót Goðans-Máta, er hugsað fyrir félagsmenn sunnan heiða og einnig víðfræg skemmtikvöld Goðans-Máta sem eru nokkur á ári. Fyrir norðan eru svo Skákþing Goðans-Máta, hraðskákmót, vikulegar skákæfingar og fleiri mót haldin samkv. venju og allir velkomnir á þau.

### **Hvað er það helsta á döfinni hjá Goðum-Mátum?**

Fyrir utan FASTUS-mótið er auðvitað Íslenski skákdagurinn næsti viðburður hjá okkur þar sem félagið tekur höndum saman við Velferðarsjóð Þingeyinga og efnir til fjársöfununar fyrir sjóðinn. Síðan er það skákþing Goðans-Máta 2013 helgina 8-10 febrúar. Síðar meir er svo mögulega á döfinni stórviðburður í íslensku skáklífi, sem ekki er hægt að skýra frá að svo stöddu.

## Hallgerður Helga í just checking

**Nafn:** Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir

**Aldur:** 20

**Taflfélag:** Hellir

**ELO:** 1960

**Starf:** Verkfræðinemi í HÍ



**Hver er uppáhaldsliturinn þinn?** Rauður.

**Hvaða mat meturðu hvað mest?** Nautasteik.

**Hver er uppáhalds drykkurinn þinn?** Appelsín.

**Hver er uppáhalds rithöfundurinn þinn?** Arnaldur Indriðason.

**Hver er skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Pride and prejudice.

**Hver er uppáhalds bíómyndin þín?** Er....Hobbitinn sem er í bíó.

**Hver uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn?** Greys Anatomy.

**Uppáhalds leikari?** Jude Law.

**Uppáhalds leikkona?** Scarlett Johansson.

**Hvernig tónlist hlustarðu á?** Allt mögulegt, helst þó popp og klassískt enda menntuð í þeim fræðum.

**Hvert er besta mót ferilsins?** Í Svartfjallalandi, EMu16 fyrir nokkrum árum.

**Hver er upphalds skákmaðurinn þinn?** Karpov, þínu Carlsen.

**Hvaða skákbók hefur haft mest áhrif á þig?** Caro-Kann eftir Scahndorf.

**Í hverju eru skákmenn sérstaklega góðir í?** Rökhugsun og matargerð.

**Áttu þér hjátrú varðandi taflmennsku?** Já, pennar, ekki sá sami ef ég tapa.

**Hvert er besta skáklandið í heiminum?** Kína.

**Hver værirðu til í að vera ef þú værir ekki Hallgerður Helga?** (Hallgerður var korter að reyna að svara þessari spurningu án árangurs)

**Með hvaða þremur einstaklingum lifandi eða látnum værirðu til í að fara út að borða með?** Carlsen, Guðjóni Val og Gunna Björns.

**Er eitthvað sem þú langar svakalega mikið að læra eða kunna?** Fallhlífastökk og rússnesku.

**Hvað óttastu?** Að Caro-Kann vörn verði hrakin, nei hehe, bara djók...mmm...hvað óttast ég, að..., ég er sennilega óttalaus!


**Hvaða hlut myndirðu bjarga úr eldi?** Fartölvunni minni.

**Hver er besta setningin sem hefur verið sögð um skák?** Svört þeð hlaupa hraðar en hvít, eða öfugt.

**Hvað er gaman við skák?** Það er gaman að vinna, virkilega góð tilfinning. Miklu dýpri og verri tilfinning er hins vegar að tapa heldur en vinna.

## Skákþraut vikunnar

Hvítur mátar í 2 leikjum!



Staðan kom upp í skák þeirra F. Beyer og F. Olbrich á þýska meistaramótinu árið 1992. Svörtu mennirnir eru skelfilega staðsettir á kóngsvængnum og hafa lítið athafnafrelsi. Hvítu mennirnir standa hins vegar eins og best verður á kosið og sérstaklega riddararnir sem eru mikið stórveldi á c5 og e5. Hvítur fann skemmtilega fórn sem brýtur niður varnarmúra svarts.

26. Rxe6+! fxe6

27. Df8 mát